



Rólegt á millibankamarkaði með gjaldeyri í janúar

Það var frekar rólegt á millibankamarkaði með gjaldeyri í janúar. Verð á evru hélst á tiltölulega þröngu bili og bæði velta og flökt minnkuðu milli mánaða. Seðlabankinn hélt áfram reglulegri sölu á gjaldeyri.

Í lok árs 2020 stóð evran í 156,1 krónu. Verðið á evrunni hélt sig á frekar þröngu bili í janúar 2021 og endaði síðan mánuðinn í sama gildi, þ.e. 156,1. Vegna innbyrðis hreyfinga hækkaði verð á Bandaríkjadal og sterlingspundi í krónum talið í janúar, en þessir tveir gjaldmiðlar styrktust á mót evru í janúar.

Veltan dróst saman milli mánaða


Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri var 32,5 ma.kr. (208 m.evra) í janúar og dróst saman um 61% milli mánaða. Þar af var hlutdeild SÍ 14,6 ma.kr. (93 m.evra), sem er 45% af heildarveltunni.

Auk reglulegrar sölu á 3 m.evrum hvern viðskiptadag greip SÍ inn í markaðinn einn dag í janúar, en miðvikudaginn 27. janúar seldi SÍ erlendan gjaldeyri fyrir 4,7 ma.kr. (30 m.evra) til viðbótar við reglulega sölu. Seðlabankinn hefur tilkynnt að hann muni halda reglulegri sölu áfram til og með loka febrúarmánaðar.

	31.1.2021	YTD	1M	3M	12M
GVT	201,7	0,6%	0,6%	-4,8%	11,8%
EUR	156,1	0,0%	0,0%	-5,0%	14,7%
USD	128,6	1,1%	1,1%	-8,5%	4,3%
GBP	176,6	1,8%	1,8%	-3,1%	9,2%
DKK	21,0	0,0%	0,0%	-4,9%	15,3%
NOK	15,1	1,1%	1,1%	1,9%	12,9%
SEK	15,4	-0,9%	-0,9%	-2,7%	21,0%
CHF	144,6	0,1%	0,1%	-5,9%	13,6%
JPY	1,23	-0,4%	-0,4%	-8,6%	8,5%

Heimild: Seðlabanki Íslands


Gengispróun



Síðasta dags. 31.1.2021
Heimild: Seðlabanki Íslands




Það sem af er ári hefur íslenska krónan veikt á móti USD og GBP, en er óbreytt á móti EUR.




Síðasta dags. 31.1.2021
Heimild: Seðlabanki Íslands

Velta á gjaldeyrismarkaði í janúar var 32,5 ma.kr. (208 m.evra). Hlutdeild Seðlabankans var 45%.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. janúar 2021
Heimild: Seðlabanki Íslands

Fyrir utan reglulega sölu greip Sí einu sinni inn á markað í janúar. Þann 27. janúar seldi hann evrur fyrir 4,7 ma.kr. (30 m.evra) auk reglulega sölu.




Síðasta dags. 31.1.2021
Heimild: Seðlabanki Ísland

Flóktið á íslensku krónunni gagnvart minnkaði milli mánaða í janúar.




Mánaðarleg gögn, síðasta dagsetning janúar 2021.
Heimild: Seðlabanki Íslands, útreikningar Hagfræðideildar

Gjalddeyrisforðinn lækkaði um 820 m.evra í fyrra, þar af um 200 m.evra í desember.



Staða í lok mánaðar, síðasta dags. 31.12.2020
Heimild: Seðlabanki Íslands


Innlán innlendra aðila á I.G. reikningum, mæld á föstu gengi, lækkuðu um 29,7 ma.kr. (11,2%) í desember.



Staða í lok mánaðar, allar tölur á föstu gengi (31.12.2020)
Heimild: Seðlabanki Íslands




8.135 erlendingar gestir fóru um Leifsstöð í desember.




Heimild: Ferðamálastofa

Erlendum ferðamönnum um Leifsstöð fækkaði um 93,5% milli ára.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. desember 2020
Heimild: Ferðamálastofa

Án skipa og flugvéla var 2,3 ma.kr. halli af vöruviðskiptum við útlönd í desember.




Síðasta dags. desember 2020
Heimild: Hagstofa Íslands

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 8,0 ma.kr. í desember.




Síðasta dags. desember 2020
Heimild: Seðlabanki Íslands

Raugengi miðað við verðlag var 6,1% lægra í janúar en í sama mánuði 2020.



Síðasta dags. janúar 2021. Janúar 2021 eru útreikningar Hagfræðideildar
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Framlag gengisbreytinga til tólf mánaða breytingar á raugengi í janúar er -9,9 prósentustig, framlag verðbólgu er 3,8 prósentustig



Síðasta dags. janúar 2021. Janúar 2021 eru útreikningar Hagfræðideildar
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar